

Fundur 23.10.2023 Ólafur Gunnar Daníelsson.

Góða kvöldið og komið þið sæl.

*Gott kvöld og velkomin.*

Fann ég fyrir mörgum góðum höndum og græðandi er ég kom hingað yfir og hefur þetta verið að gerast svo fljótt að ég hef ekki að fullu áttað mig á þessu enn þá og er sífellt eitthvað nýtt að uppgötva á hverjum degi ef svo má segja.

Lenti ég í mjög merkilegri upplifun er ég var hér nýkominn á þennan hnött og segja má að það hafi einnig gerst áður en ég var að fullu líkamnaður á þessum hnetti.

Er ég nú að læra þessi nýju hugtök og hvernig á að beita þeim, og finnst mér það eins og að vera kominn á annað borð í tölvuleik, en ég er þó af holdi og blóði og með líkama eins og á gömlu jörðinni og varð það mér undrunarefni.

Og hefur það tekið mig talsverðan tíma að átta mig á þeim breytingum.

Vil ég þó fyrst lýsa því hvernig ég var næstum því komin á hnött þar sem helstefna ríkir og var mér bjargað frá þeim hnetti með orkusendingu og skyldi ég ekki hvað hafði gerst og tók það talsvert langan tíma að útskýra fyrir mér hvernig á því stóð.

Ég dó við nokkuð voveiflegar kringumstæður, eins og sagt er, og minn tími var ekki kominn og er ég enn þá að læra hvernig hægt er að hjálpa öllum þeim sem eins er ástatt með og mig og sem jafnvel og ekki fengu næga orku til að koma fram á sem bestum hnöttum.

Mér var sagt að, þar sem ég var ungur er ég kom yfir hafi það tekið mig skemmri tíma að ná fullri lífsorku, en einnig er afi minn öflugur hér og hjálpaði hann mikið til að fá þá orku og hjálpa mér yfir um.

Er hér merkilegt fólk saman komið og alltaf eitthvað nýtt að læra og langar mig mjög til að stöðva þá óheillaþróun sem hefur orðið á jörðinni sem ég er farin frá og ég á vist að kalla frumlífs jörð.

En ég er ekki að fullu laus úr allri hættu hvað þetta viðvíkur, en eins og er, er ég á góðum stað í lífinu og hef fengið fullkomna lækningu og hjálp og fullur af lífskrafti eins og þið finnið og heyrið.

Og vil ég gjarnan hjálpa öllum þeim sem hafa lent í svipuðum aðstæðum og ég.

Er ég fyrst fann til mín á þessari jörð, þá voru að angra mig þær minningar sem hafði, en voru það aðeins atvik sem höfðu gerst á tiltölulega skömmum tíma á meðan líkami minn hafði ekki myndast á þessri jörð.

Og var þar ekki gott ástand og skelfingartilfinning sú sem náði tökum á mér í nokkrar mínútur og veit ekki nákvæmlega hversu það var langur tími, situr enn í mér og hef ég því mestan áhuga á að hjálpa þeim sem hafa lent í svipuðum aðstæðum og ég.

Lenti ég í vímuefnum og dó fyrir tímann af þeim ástæðum.

Er ég hér fullur af fjöri og kröftum, og það eru svo mörg nöfnin sem ég vildi nefna.

Það er fylgst með mér reglulega og mér er sagt að við sem höfum lent í þessum aðstæðum, verður að fylgjast með okkur.

Það er ekki, með lífgeislalækningum er hægt að losa þessar kenndir úr fari okkar, þannig að við hættum að vera í þessari hættu, en auk þess er mun erfiðara að nálgast þessi efni en hjá ykkur.

Hér er úr mörgu að velja í framlífi og get ég ekki farið út í það nákvæmlega og ég er líka nýkominn hingað og á eftir að kynna mér það allt betur.

Ég vil senda öllum kveðju og vil segja á mér deili áður en ég kveð ykkur, nafn mitt, veit ekki hvort það tekst.

*Má ég spurja hvort þú sér Ólafur Gunnar?*

Já.

*Daníelsson.*

Já.

*Og Gulli afi þinn, þessi öflugur?*

Já.

Komdu sæll.

*Blessaður Þorlákur heiti ég,*

Já.

*Doddi kallaður.*

Já. Ég veit til þín og þakka þér fyrir og þú kemur kveðju frá mér, er það ekki?

*Jú jú jú, ég geri það og þú veist kannski að móðir þín var hér á fundi hjá mér um daginn?*

Já ég

*Hún fór svo með móður sinni til Tene og ég vona nú að hún komi aftur, þú þarft endilega að koma þegar hún verður.*

Já, ég reyni það, og það hjálpaði mér að finna til hennar.

En það er mikið starf óunnið í þessum efnum og ég vil gjarnan segja ykkur frá því síðar hvernig gengur.

Bæði að ná þeim til baka sem lenda í verri málum og þeim sem hér eru í svipuðum kringumstæðum.

En já, hann afi saknar ykkar líka og biður að heilsa,

*Ég bið að heilsa honum.*

Og það er aldrei að vita nema að hann tali við ykkur líka.

Og sendi öllum ættingjum bestu kveðjur og segja þeim að þetta sé mikil upplifun og skrítin og margt sem ég vil af þessu segja síðar.

Já.

Þakka ég fyrir mig og mun ég áræðanlega reyna að koma síðar, verið þið sæl.

*Vertu blessaður og gangi þér vel.*

Takk fyrir.